



UMSÖGN

Varðar: Grafarlækur-Stekkjarmóar-Djúpidalur, breyting á deiliskipulagi vegna Grafarlækjar 2-4.

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Teiknistofunnar Storð ehf., dags. 14. maí 2024, ásamt bréfi Hermanns Georgs Gunnlaugssonar, dags. 14. maí 2024, um breytingu á deiliskipulagi Grafarlækjar-Stekkjarmóa-Djúpadals vegna lóðarinnar nr. 2-4 við Grafarlæk. Í breytingunni sem lögð er til felst að koma fyrir byggingarreit fyrir vélageymslu Golfklúbbs Reykjavíkur og steypt hólf eða gryfjur fyrir efnislager, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Storð ehf., dags. 15. janúar 2025, br. 8. maí 2025. Tillagan var auglýst frá 13. mars 2025 til og með 28. apríl 2025. Umsögn barst frá Minjastofnun Íslands, dags. 25. apríl 2025.

Tillagan var auglýst frá 13. mars 2025 til og með 28. apríl 2025.



Umsögn barst frá eftirtöldum aðila:

Minjastofnun Íslands, dags. 25. apríl 2025.

SAMANTEKT:

Almennt ganga ábendingar hagsmunaaðila út á:

- Útlínur þekktra fornleifa ekki sýndar á skipulagsuppdrætti.
- Ekki er hægt að útiloka að fornleifar komi í ljós vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

ALMENNT YFIRLIT BREYTINGA:

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að bæta við byggingarreit (e7) fyrir vélageymslu með 600 m² hámarksbyggingarmagni. Jafnframt verða útfærð 14 bílastæði í tengslum við vélageymsluna.

Efnislegar athugasemdir/ábendingar sem bárust eru eftirfarandi:

Minjastofnun

Staðsetning byggingarreits og fyrirhugaðar framkvæmdir:

Í ljósi þess að ekki liggur fyrir fornleifaskráning fyrir svæðið og að framkvæmdasvæðið er staðsett býsna nærri fjárhústóftunum, eða rétt við 15 metra friðhelgunarsvæði þeirra, er ekki hægt að útiloka að fornleifar komi í ljós vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Minjastofnun Íslands leggur því til að teknir verði vel staðsettir könnunarskurðir, um 10% af stærð byggingarreits, til að ganga úr skugga um hvort minjar séu á framkvæmdasvæðinu áður en framkvæmdir hefjast. Kosturinn við það er að þá er hægt að bregðast strax við ef nauðsynlegt reynist að fara í frekari rannsóknir og/eða færa byggingarreitinn. Að öðrum kosti fer Minjastofnun fram á að fenginn verði fornleifafræðingur til þess að hafa framkvæmdareftirlit á öllu framkvæmdasvæðinu, en þá er hættan sú að stöðva þurfi framkvæmdir ef minjar koma í ljós sem rannsaka þarf nánar sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Rétt er að benda á að 2. mgr. 28. gr. laganna um að framkvæmdaraðili skal greiða kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Stofnunin fer fram á að fjárhústóftin verði girt af, t.d. með litríkum borða, svo hann verði ekki fyrir skemmdum af vangá á framkvæmdatíma. Hafa skal til hliðsjónar uppmælingar Minjastofnunar frá 2024.

Deiliskipulagsuppdráttur:

Minjastofnun Íslands fer fram á að útlínur fornleifa á svæðinu séu færðar inn á skipulagsuppdráttinn þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna. Nálgast má landupplýsingagögnin hjá skraning@minjastofnum.is

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi Grafarhlékur-Stekkjarmóar-Djúpidalur og staðsetningu byggingarreits e7.

Athugasemd: Minjastofnun fer fram á að útlínur fornleifa á svæðinu séu færðar inn á skipulagsuppdráttinn þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstað minjanna.

Svar: Brugðist hefur verið við athugasemdinni og hafa verið færðar inn á deiliskipulagsupprátt tvær skráðar fornleifar ásamt helgunarsvæði og jafnframt er bætt við skilmála í greinargerð vegna fornminja.

Ábending: Í ljósi þess að ekki liggur fyrir fornleifaskráning fyrir svæðið og að framkvæmdasvæðið er staðsett býsna nærri fjárhústóftunum, eða rétt við 15 metra friðhelgunarsvæði þeirra, er ekki hægt að útloka að fornleifar komi í ljós vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Minjastofnun leggur því til að teknir verði vel staðsettir könnunarskurðir, um 10% af stærð byggingarreit, til að ganga úr skugga um hvort minjar séu á framkvæmdasvæðinu áður en framkvæmdir hefjast. Stofnunin fer fram á að fjárhústóftin verði girt af, t.d. með litríkum borða, svo hann verði ekki fyrir skemmdum af vangá á framkvæmdatíma. Hafa skal til hliðsjónar uppmælingar Minjastofnunar frá 2024.

Svar: Brugðist hefur verið við ábendingunni og bætt hefur verið við eftirfarandi orðalagi í greinargerð: „*Í nágrenni nýrra lóðar eru fornminjar. Afmarkað er 15 metra friðhelgunarsvæði fornminjanna. Áður en framkvæmdir hefjast á lóðinni og byggingarreitnum skal framkvæma könnunarskurði, um 10% af stærð byggingarreits, til að kanna hvort frekari minjar séu á svæðinu. Fjárhústóft sem liggur austan við framkvæmdasvæði skal gíða af með litríkum borða, svo að svæðið verði ekki fyrir skemmdum af vangá á framkvæmdatíma.*“

Niðurstaða:

Lagt er til að uppfærð deiliskipulagstillaga verði samþykkt í samræmi við athugasemdir og ábendingar Minjastofnunar.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur,
Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur M.Sc.